



Til bæjarráðs

Kópavogi, 27. september 2021  
2109835/999.00 BÓK

### Endurnýjun á himnastiganum frá Kópavogsdal upp á Digranesheiði.

Umhverfissvið Kópavogsbæjar hefur tekið til skoðunar möguleika sem varða lagfæringar og/eða endurnýjun á Himnastiganum frá Kópavogsdal upp á Digranesheiði. Annars vegar kemur til greina að lagfæra og bæta núverandi ástand og hins vegar að endurgera hann frá grunni. Þetta eru möguleikarnir sem búið er að skoða:

1. Endurgera hluta, þá hluta (2 hluta) sem eru í versta ástandi. Áætlaður kostnaður um 20 millj.
2. Endurgera stigann í heild frá grunni með snjóbræðslu og lýsingu. Áætlaður kostnaður tæpar 110 millj.

Miklu munar í kostnaði á þessum tveimur möguleikum og þá væri hugsanlega hægt að útfæra þriðja möguleikann og fara einhvers konar millileið.

Himnastiginn liggur frá Kópavogsdal og upp að Digranesheiði. Um er að ræða brattan stiga sem er vinsæll til líkamsræktar hjá íbúum höfuðborgarsvæðisins. Stiginn er mikið notaður og eflir lýðheilsu bæjarbúa jafnt sem annarra íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Hafa göngufólk jafnt sem hlauparar notað stigann til æfinga og verður hann sífellt fjölsóttari.

Meðfylgjandi er kostnaðaráætlun fyrir endurgerð á himnastiganum, dags. 8. september 2021 og kostnaðaráætlun fyrir endurgerð á hluta stigans, dags. 24. september 2021.

Virðingarfyllst,

Ásthildur Helgadóttir  
Sviðsstjóri umhverfissviðs